

Vesturbæjarblaðið



Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is og mbl.is

JÚNÍ 2022

6. tbl. 25. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI

HAGKAUP
Skammtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Séra Örn Bárð
Jónsson



Borgarbókasafnið á horni Grófarinnar og Tryggvagötu.

Borgarbóka- safnið fær glæsi- legt hlutverk

Borgarbókasafnið í Grófinni í Reykjavík fær nú glæsilegt hlutverk. Fimm hópar arkitekta hafa skilað tillögum um svonefnt upplifunartorg í húsinu og verður sú besta valin 22. júní. Nýja rýmið er alls 1.200 fermetrar og er áfast við vesturgaffli Grófarhússins á sex hæðum.

Skjalasafnið sem er á þriðju hæð hússins og hluta þeirrar fjórðu verður flutt í annað húsnæði og ljósmyndasafnið sem er á sjöttu hæð verður flutt í í Hafnarhúsið. Með tilkomu nýbyggingarinnar og flutningum skjala- og ljósmyndasafns mun Borgarbókasafnið hafa allt að sjö þúsund fermetra plássi til umráða. Nýja Borgarbókasafnið verður viti við höfnina að sögn Pálínu Magnúsdóttur borgarbókavaðar. Borgarbókasafnið verður eitt af þremur menningarhúsum við Tryggvagötu. Hin eru Listasafn Reykjavíkur og Listaháskólinn sem flytja á í Tollhúsið.

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og
skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Apótekið þitt í hverfinu þínu

Héðinshúsinu Seljavegi 2

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings
Hagstætt verð



Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

Halló sumar



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

6. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Fjölbreytni í Vesturbænum

Miklar endurbætur eru fyrirhugaðar á Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Þar er listasafn Reykjavíkur. Þar verður Listasafni Nínu Tryggvadóttur komið fyrir og nú er í undirbúningi að koma á fót aðstöðu fyrir skapandi starfsemi í hluta hússins.

Endurbætur á húsnæði Borgarbókasafnsins hafa staðið yfir um tíma og nú er fyrirhugað að starfsemi þess fái allt húsnæði þess til umráða. Bókasöfn hafa alltaf verið miðstöðvar upplýsinga og menningar. Með breyttum tíma og einkum tæknilegum nýjungum hefur starfsemi þeirra breyst mikið. Nú hefur verið efnt til tölvutæknilegs Verkstæðis þar sem fólki er boðið að koma og vinna verkefni í tölvum og jafnvel til að fíkta og æfa sig að nota öflug forrit.

Ákveðið hefur verið að Listaháskólinn fái Tollhúsið til afnota. Á nokkurn tíma mun taka að endurgera húsið og breyta en með þessari ákvörðum mun öll starfsemi hans sem verið hefur dreifð um borg og bý á verða einum stað.

Borgarbókasafnið, Listasafnið og Listaháskólinn munu til samans mynda eina listræna og menningarlega heild við sömu götuna. Þetta mun skapa sterkt samfélag lista og menningar. Þetta mun glæða hverfið lífi. Þetta er umhverfi sem tekið verður eftir.

Stærstur hluti gamla hafnarsvæðisins hefur verið endurbýggður. Hótel- og veitingakrekstur, íbúðabyggð, verslunar- og þjónustuverfi og síðast en ekki síst umhverfi lista og menningar eru að koma í stað vannýtingar og niðurníðslu á einum besta stað Reykjavíkur. Þetta er fjölbreytni í Vesturbænum.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!


www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Hafnartorg Gallery brátt opnað

- tímamót í uppbyggingu á svæðinu milli Lækjartorgs og Hörpu



Á myndinni má sjá staðsetningu Hafnartorgs Gallery. Mynd: Reginn.

Bráðlega opnar nýtt svæði við Hafnartorg í miðbæ Reykjavíkur. Það hefur fengið nafnið Hafnartorg Gallery. Þar verður að finna verslanir, veitingastaði auk ýmissar menningartengdrar starfsemi. Ellefu nýir veitingastaðir og verslanir bætast við þau tólf fyrirtæki sem rekin eru á Hafnartorgi. Í tilkynningu frá Reginn, eiganda fyrstu hæðar Hafnartorgs, kemur fram að markmiðið hafi verið að skapa opið fjölnota rými sem býr til frjóan jarðveg fyrir margs konar upplifun og lífsgæði.

Með þessu er ætlunin að Hafnartorg Gallery verði miðpunktur mannlífs í nýju borgarrými; staður til að versla, njóta matar og drykkjar, staldra við á milli erinda í miðborginni og upplifa menningu í tengslum við viðburði,“ segir í tilkynningunni en opnun svæðisins markar tímamót því þá lýkur um áratugalangri uppbyggingu á svæðinu milli Lækjartorgs og Hörpu.

Gert er ráð fyrir því að uppbyggingu á svæðinu ljúki síðar á þessu ári þegar framkvæmdum lýkur við nýtt hús Landsbankans.

Í tilkynningu Regins kemur einnig fram að aðgengi að svæðinu sé gott en undir er að finna einn stærsta bílakjallara landsins sem hægt er að fara út úr á mörgum stöðum. Auk þess eru margar hjóla- og gönguleiðir að svæðinu og mikilvægar bíðstöðvar strætó liggja við Hafnartorg auk Borgarlínu þegar fram líða stundir.

Meðal þeirra sem nú undirbúa opnun í Hafnartorgi Gallery má nefna nýja flaggskipsverslun 66°Norður, fyrstu verslun North Face á Íslandi, nýja og glæsilega lífsstilsverslun Casa, nýjan 80 sæta „fine dining“ veitingastað með áherslu á nútímalegt fransk-íslenskt eldhús. Auk þess munu sjö smærri veitingastaðir opna með fjölbreytt úrval af mat og drykk.

HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypiss ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

Minjastofnun
Íslands

Borgarsögusafn
Reykjavíkur
Reykjavík City Museum

IDAN
fræðslusetur

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá öllum í fjölskyldunni

Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



Geirslaug
279.000 kr.



Snorralaus
299.000 kr.



Gvendarlaus
189.000 kr.



Unnarlaus
310.000 kr.



Sigurlaus
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaus
259.000 kr.

Háfar, burstar, hitamælar, höfuðpúðar, hengirúm, klór, spil og margt fleira til að gera pottaferðina enn skemmtilegri.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Opið mánud. - fimmtud. 10-18, föstud. 10-17 og laugard. 10-14

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Pottarnir okkar eru fánlegir í nokkrum litum.

Séra Örn Bárður Jónsson spjallar við Vesturbæjarblaðið

Sé ekki eftir að hafa látið þetta eftir mér


Séra Örn Bárður Jónsson var lengi prestur í Neskirkju í Vesturbænum en árið 2014 ákvað hann að snúa blaðinu nokkuð við og halda til Noregs þar sem hann sinnti prestsstörfum um árabil. Hann sneri til baka þegar hann fór á eftirlaun en hefur ekki verið laus við prestsverk síðan. Hann sinnir athöfnum nánast stöðugt. Mikið er leitað til hans með jarðarfari enda þekkir maðurinn víða til og er vinmargur. Örn Bárður er Ísafirðingur að ætt og uppruna. Hann lauk guðfrædisprófi frá Háskóla Íslands 1984 og hefur stundað framhaldsnám í guðfræði í Bandaríkjunum en hafði einnig numið í Bretlandi áður fyrr. Hann varð aðstoðarprestur í Garðasókn 1984 og sóknarprestur í Grindavík 1985. Árið 1990 varð hann verkefnastjóri á Biskupsstofu og fræðslustjóri kirkjunnar frá 1995. Árið 1999 leysti hann af sem prestur í Neskirkju og var skipaður í það embætti 1. október 2002 þar sem hann starfaði í 14 ár. Séra Örn Bárður settist niður með Vesturbæjarblaðinu á Kaffi Tári á dögnum og fyrst bar á góma af hverju hann fór til Noregs.

„Þetta byrjaði árið 2014. Ég hafði haft mikið að gera. Var orðinn ofhlaðinn af verkefnum og fann að ég þyrfti að taka mér einhverja hvíld. Fara í námsleyfi eða annað. Breyta eitthvað til. Ég átt tal við Agnesi Sigurðardóttur biskup og sagði við hana að nú þyrfti ég að komast í námsleyfi eða þá að fara til Noregs og leysa af. Þar væri minna vinnuálag. Hún tók þessum hugmyndum vel. Skildi að ég þyrfti að komast í leyfi og sagði mér að gera það sem ég vildi. Hún myndi redda afleysingu fyrir mig. Eftir þetta fór ég í ferð til Noregs og heimsótti prófastsdæmi þar sem var laus staða og bauð fram krafta mína. Mér var vel tekið og fékk stöðu héraðsprests þar til eins árs. Þá þyrfti ég ekki að bera ábyrgð á einum söfnuði heldur að starfa með prófastinum, ferðast á milli söfnuða og leysa presta af eftir því sem þyrfti. Ég var verkefnaráðinn eins og það er kallað. Ég þyrfti ekki að vera með fermingarbörn eða bera ábyrgð á söfnuði. Ég var þarna í eitt ár og kunni vel við mig. Ég gat alveg hugsað mér að starfa áfram í Noregi.“

Fjögur ár við Neskirkju í Ringsaker

Örn Bárður segist því hafa farið að líta í kringum sig eftir öðru starfi sem hafi endað með því að hann sótti um prestsstarf við kirkju

sem heitir Neskirkja. „Þetta var skemmtileg tilviljun. Þessi söfnuður er í Ringsaker sem er á Heiðmerkursvæðinu. Nesið sem er stendur nesi gengur út í stærsta stöðuvatn í Noregi eða það sem Norðmenn kalla innsjó og heitir Mjösa. Kirkjan er á sömu breiddargráðu og Hamar, bær sem er austar í Noregi og Gjövík sem er vestan við. Ég bjó í bæ sem heitir Brummunddal, nefndur eftir á sem rennur við bæinn. Ég var fyrst í Valdres og síðan þarna á Nesinu í fjögur ár þannig að ég starfaði í fimm á í Noregi.“ Örn Bárður segir að eftir þessa reynslu telji hann gott fyrir Íslendinga að búa um tíma í Skandinavíu. „Helst ættu sem flestir að prófa það. Gott væri fyrir Íslendinga að kynna einni af þessum frændþjóðum okkar, Noregi, Danmörku eða Svíþjóð og ná tökum einu af Norðurlandamálunum sem eru öll skyld og í raun lík. Þessar þjóðir er svo skyldar okkur en þær eru stærri og öflugri og síðast en ekki síst skipulagðri. Þetta kemur vel fram í kirkjunni. Kirkjan er byggð upp með öðrum hætti. Prófasturinn er verkstjóri prestanna. Þeir vinna undir hans stjórn. Þess var gætti að maður keyrði sig ekki um of. Tæki út sín frí. Maður var alltaf að eignast frídaga. Stundum var sagt við mann. Þú átt tvo frídaga. Viltu ekki bæta þeim við fríhelgina þína til að meira verði úr henni.“ Örn Bárður segir það taka opinberan starfsmann 30 ár



Örn bíður eftir að tónleikar með Paul McCartney hefjist í Oslo 2015 en þá var Paul jafngamall og Örn er nú og söng milli 20 og 30 lög og blés ekki úr nös. Paul fagnaði átræðisafmæli 18. júní s.l.

að öðlast full lífeyrisréttindi í Noregi. „Ég var þar í fimm ár þannig að ég fæ einn sjötta af fullum eftirlaunum. Ef ég hefði unnið alla mína starfsævi í Noregi væri ég með helmingi hærri eftirlaun en á Íslandi. En það er ekki allt fengið með peningum. En það var gott að vera þarna.“

Hreimurinn skipti ekki máli

Örn Bárður kveðst hafa tekið kúrs í norsku um það bil 25 árum áður en hann fór utan en hafði aldrei notað þá málakunnáttu nema

á einni og einni ráðstefnu. Ég gerði mér grein fyrir að ég talaði ekki góða norsku. Mið skorti æfinguna en lét mig hafa að mæta á staðinn. Ég kom til starfa fyrst nóvember 2014. Fyrstu dagarnir fóru í að koma sér fyrir á skrifstofunni og kynna fólkinn og svo kom fyrsta verkefnið sem var útför. Ég hafði fimm daga til að undirbúa mig. Ég mátti skrifa ræðuna á bók máli en rituálið var á nýnorsku. Norska rituálið er aðeins annað en á Íslandi. Maður varð að átta sig hvernig á að bera sig að. Jarðarförin var í 800 ára gamalli



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



ASWEGROW.IS



Vatnslitamynd af Neskirkju í Noregi sem Örn málaði en elsti hluti kirkjunnar er frá því um 1250.

stafkirkju. Í Noregi er því þannig háttað að kirkjur standa inn í grafreit. Þannig þarf ekki að aka með kistu langar leiðir til þess að setja hana í gröfina. Það er bara gengið með kistuna út og hún jarðsett í garðinum. Ég var í dreifbýli með þrjár kirkjur og messaði þrisvar í mánuði. Einu sinni í hverri kirkju. Ég var einnig með fermingarbörn og annað. Mér var afar vel tekið. Norðmenn skynjuðu að ég var með hreim. Talaði ekki alveg eins og sóknarbörnin. Mállýskurnar er kosturinn við Noreg. Þar eru margar mállýskur og allir tala ekki eins og við gerum hér á landi. Það tala engir tveir Norðmenn eins og þá er allt í lagi að vera með íslenskan hreim. Þá var maður bara eins og eitt blóm í viðbót í þessum blómagarði tungunnar.“

Erfitt að fá fólk á landsbyggðina

„Ég var þarna í fimm ár og mátti vinna út mánuðinn sem ég varð sjötugur í nóvember 2019. Þeir eru með þessa 70 ára starfslokareglu eins og við. Ég hefði getað verið áfram í Noregi því það er svo mikill prestaskortur. Ég hefði getað haft nóg að gera að fara á milli staða og leysa af. Landið er svo stórt frá nyrsta odda til þess syðsta. Ef Noregi væri hvolft við frá suðuroddanum myndi sá niðri ná niður til Ítalíu. Yfir alla Evrópu. Noregur er líka orðinn breytt þjóðfélag. Hjón eru yfirleitt bæði orðin menntuð. Konan er kannski lögfræðingur og karlinn prestur. Það eru engin prestaköll laus í Ósló. Maður yrði að fara norður í land og það vill hinn makinn ekki fara. Það hentar honum ekki

starfslega séð. Þetta á sinn þátt í prestakorti í Noregi. Oft ekkert að hafa fyrir makann að gera í dreifbýlinu. Norðmenn hafa farið út í að borga betri laun og veita meiri hlunnindi á landsbyggðinni. Einkum í Norður Noregi. Íslenskir prestar hafa talsvert sótt til Noregs og þegar ég var þar vorum við þegar flestir voru 24 og flestir í Hamar biskupsdæmi. Ef til vill skýrist það af því að Hamar er fremur frjálslýnt biskupsdæmi. Fyrsti kvenpresturinn í Noregi var vígður þar og fyrsti kvenbiskupinn kom þaðan. Þeir voru einnig búnir að vinna sig í gegnum málefni samkynhneigðra og þar eru margar svipaðar guðfræðingar áherslur og hér á landi. Launin voru ekki alveg jafn há og sums staðar annars staðar. Það kann að stafa af því að ekki hafi þurft að yfirborga fólk til að koma þar til starfa. Hamar er einnig þannig staðsettur að stutt er til Óslóar. Ég var einn og hálfan tíma í lest þangað og klukkutíma á Gardemoen ef ég þurfti að fljúga heim.

Stabílt og lítið um sveiflur

Norska samfélagið er stabílt og lítið um sveiflur í daglegu lífi fólks. Ég tók eftir því ef ég var að vinna á skrifstofunni til klukka fimm og kom við búð á leiðinni að þá var oft enginn þar. Allir komnir heim. Fólk hættir margt í vinnunni kl. þrjú. Búið að sækja börnin, fara í búð og komið heim klukkan fjögur. En það byrja allir að vinna snemma. Fyrr en hér. Þetta var svona og ég er mjög ánægður að hafa lokið mínum opinbera starfsferli með þessum hætti.“

Hefði geta verið lengur

Örn Bárður segist hafa geta haldið áfram að starfa sem afleysinga prestur í Noregi en hafa ákveðið að koma heldur heim. „Ég bý núna í 101, í Skuggahverfinu og fer flestra minna ferða á hjóli. Hreyfi bíl svona einu sinni í viku. Í verstu veðrum og ef ég þarf lengra til. Það er verið að leita til mín einkum út af jarðarförum. Ég var til dæmis með þrjár athafnir í gær, tvær jarðarfarir og eina kistulagningu. Það bíður alla vega ein í næstu viku.“ Síminn hringdi

hjá Erni Bárði og umræðuefnið var greinilega undirbúningur að jarðarför.

Hvað merkir sögnin að ríkja

„Ég er með heimasíðu ornbardur.com heldur Örn Bárður áfram. Ég er búinn að vera með hana í áratug. Ég birti lítið af ræðum þegar ég var í Noregi. En síðan er búin að vera vel virk í sex ár og um daginn fékk ég hamingjuósk frá fyrirtækinu sem hýsir hana. Ég var með eitt hundrað þúsund heimsóknir. Ég skrifa líka öðru hvoru á vefritið Kjarnann þar sem þjóð- og heimsmálin koma gjarnan við sögu.“ Hann rifjar upp ræðu sem hann flutti 17. maí á þjóðhátíðardegi Norðmanna. Kveðst hafa farið að leika sér með sögnina að ríkja. Segir hana ekki til í norsku bókumáli en komi fram í nýnorsku. Hann bendir á að norrænu þjóðirnar ríki í krafti laga. Norrænu þjóðfélögin séu byggð á lögum. Þessi hugsun hafi komið til Noregs á þrettándu öld á tímum Magnúsar lagabætis. Einn konungur í Noregi hafi gift dóttur sína spænskum prins og hundrað manna hópur hafi farið frá Noregi til að vera við brúðkaupið á Spáni. Þar hafi þau kynnst rómverskum rétti og því að láta lögin vera grundvöll samfélagsins. Þetta hafi síðan borist heim til Noregs og ný lög hafi komið fram í Noregi. „Íslendingar fengu anga af þessu, sérlög sem heitir Jónsbók.“

Sé ekki eftir að hafa látið þetta eftir mér

Örn Bárður fór ekki beint úr framhaldsnámi í prestinn. Hann segist hafa komið að vestan til þess að fara í Verslunarskólann og síðan farið í nám í endurskoðun. Þaðan lá leiðin í atvinnulífið. Hann rak iðnfyrirtæki og heildverslun um tíma. „En svo kom að því að trúin vitjaði mín. Mér fannst spennandi að gefa því tækifæri svo ég fór og lærði guðfræði. Ég hafði verið í smá guðfræðinámi í Bretlandi og þannig aðeins kynnst þessum fræðum. Nei – ég sé ekki eftir því að hafa látið þetta eftir mér.“

Kjötkompaní

GRILLUM
OG
NJTÓTUM

📍 DALSHRAUN 13
Hafnarfirði

📍 BÍLDSHÖFÐI 18
110 Reykjavík

📍 GRANDAGARÐI 29
101 Reykjavík



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



kjotkompani

www.kjotkompani.is

Blá nýsköpun í sjávarklasnum



Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra heimsótti sjávarklasann í tilefni kynningarinnar.

Sjávarklasinn kynnti nokkur þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem hafa komið fram með nýjungar sem stuðla að hreinni umhverfi hafins eða betri nýtingu auðlinda þess fimmtudaginn 19. maí. Sýningin var hluti af Nýsköpunarvikunni sem þá stóð yfir.

Hægt var að kynna sér starfsemi fjölmargra nýsköpunarfyrirtækja og fylgjast þannig með því sem er nýjast að gerast á þessu sviði hérlandis. Á opnu húsi voru í boði veitingar og jazz. Aðgangur var ókeypis. Sýningin var haldin í Húsi sjávarklasans að Grandagarði 16 í Reykjavík. Flest fyrirtækin sem tóku þátt í sýningunni eru hluti af nýsköpun í bláa hagkerfinu þar sem græn tækni og græn orka eru í fyrirrúmi. Einnig betri nýting sjávarafurða. Vinnsla þörungna og þaravinnsla og heilsuefni eru í fyrirrúmi.

Vinnu- og lærdómsaðstaða skapandi greina í Hafnarhúsinu

Reykjavíkurborg mun semja við Harald Inga Þorleifsson fyrir hönd sjálfseignarfélags um rekstur á hluta Hafnarhússins. Um er að ræða hluta þess sem var í eigu Faxaflóahafna og borgin hefur nú gengið frá kaupum á. Húsrýmið er hugsað fyrir vinnu- og lærdómsaðstöðu skapandi greina í miðborg Reykjavíkur.

Stefnt er að því að því endurbyggja og innrétta húsið á næstu árum. Þar verður listasafni Nínu Tryggvadóttir komið fyrir ásamt aðstöðu fyrir aðrar listgreinar. Á meðan er gert ráð fyrir að nýta húsnæðið til bráðabirgða fyrir vinnu- og lærdómsaðstaða í miðborg Reykjavíkur þar sem mismunandi skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman.

Rýmið sem um ræðir verður um 3.500 fermetrar og skoðað verður hvort einhver starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar geti nýtt sér hluta hússins. Auglýst var eftir samstarfsaðila til að reka miðstöð fyrir skapandi greinar í Hafnarhúsinu og var Haraldur hlutskarpastur við val til að taka við rekstri sjálfseignarfélagsins.



Hafnarhúsið setur svip á miðborg Reykjavíkur. Hafnarhúsið með listsýningarýmum og aðstöðu skapandi greina, Borgarbókasafnið með margvíslega lista- og menningarstarfsemi og væntanlegur listaháskóli í Tollhúsinu mun skapa einstakt lista- og menningarumhverfi á hafnarsvæðinu í Reykjavík.

Auk hans sóttu SÍM, Hallur Helgason og King og Bang um að taka verkefnið að sér. Markmiðið með þessu er að efla sköpun í breiðum skilningi, binda saman

sköpunarkraft einstaklinga og minni fyrirtækja í borginni, efla fræðslu og þekkingarmyndun fyrir skapandi fólk og ýta undir tengslamyndun í skapandi greinum.

Nýr Landspítali

Skóflustunga að bílastæða- og tæknihusi

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra, tók á dögunum fyrstu skóflustungu að bílastæða- og tæknihusi nýs Landspítala, ásamt Pétri Guðmundssyni stjórnarformanni Eyktar og fulltrúum starfsmanna, þeim Rannveigu Rúnarsdóttur frá LSH og Þórönnu Elínu Dietz frá HÍ. Nýtt bílastæða- og tæknihus verður um 19.000 fermetrar að stærð með um 500 bílastæði. Auk þess eru um 200 hjólastæði í húsinu en einnig eru 200 bílastæði í bílakjallara við meðferðarkjarnann fyrir sjúklinga og aðstandendur.

Jarðvinnu að rannsóknarhúsinu sem hófst í september sl. er nú lokið og hefst um leið nýr áfangi við jarðvinnu á bílastæða- og tæknihusinu. Af öllum sex áföngum nýja Landspítalans er vinna hafin við fjóra, en vinna við bílastæðakjallara undir Sóleyjartorgi og nýtt heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er ekki hafin. Þá hófust framkvæmdir við nýtt sjúkrahús í október 2018, og enn einn áfanginn við nýjan spítala hóst



Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra á byggingasvæði nýja Landsspítalans.

í september á síðasta ári þegar fyrsta skóflustungan var tekin að nýju rannsóknarhúsi nýja Landspítalans við Hringbraut. Ánægjulegt er að enn bætist við byggingar sem eru á framkvæmdastigi hér í þessari mikilvægu uppbyggingu við nýjan Landspítala. Vel hefur tekist til hér

við framkvæmdir á svæðinu og bílastæða- og tæknihusið er áfangi á þessari vegferð að nýjar byggingar hér á svæðinu myndi eina heild, er haft eftir Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra í tilkynningu frá Nýja Landspítalanum.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumálarí
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heidar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUD 1995

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
BA í stjórnfræði
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhus Stilisti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala
sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Kæri viðskiptavinur



Við höfum sameinað
verslanir okkar á einum
stað í **bláu húsunum**
við Faxafen



Suðurlandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen

568 1800
gleraugad.is

 **Gleraugað**

Fallið frá sölu á Tý og Ægi

- kaupandinn gat ekki staðið við tilboðið



Tý og Ægir hlið við hlið í Sundahöfn.

Ríkiskaup hafa fallið frá sölu á varðskipunum Tý og Ægi. Búið var að ganga frá sölnunni en samkvæmt lögfræðingi hjá Ríkiskaupum gat kaupandinn ekki staðið við tilboð sitt.

Salan á skipunum tveimur var heimiluð í lok ársins 2019. Þau síðan sett á sölu um haustið 2021. Í febrúar á þessu ári höfðu tvö tilboð borist í skipin og í apríl var tilkynnt að tilboð í skipin hafi verið samþykkt. Tilboðið var bindandi og unnið var að drögum að kaupsamningi. Nú hefur verið fallið frá sölnunni þar sem væntanlegur kaupandi gat ekki staðið við tilboðið. Nú eiga sér stað samtöl við aðra aðla sem sýnt hafa skipunum áhuga.

Varðskipið Tý var á sínum tíma dýrasta og fullkomnasta skip Íslendinga en það kom fyrst til Reykjavíkur árið 1975. Ægir er enn eldra en það var smíðað í Danmörku árið 1968 og kom til landsins sama ár. Varðskipið Tý hefur legið í Gömlu höfninni í Reykjavík síðan það var tekið úr notkun 15. nóvember í fyrra en hefur nú verið flutt í Sundahöfn. Skipin eru komin til ára sinna og eru ekki lengur nýtt í þjónustu Landhelgisgæslunnar. Nýrri og fullkomnari skip, Þór og Freyja, hafa tekið við hlutverki þeirra við gæslu landhelginna.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Er áratugur eða áratugir í nýjan flugvöll?

- eldgos gæti breytt staðsetningu

Talsverðar umræður urðu um Reykjavíkflugvöll í aðdraganda nýlega afstaðinni borgarstjórnarkosninga. Bar þar hæst umræður um stefnu Reykjavíkurborgar undanfarið ár um að flugstarfsemi yrði hætt í Vatnsmýrinni til að rýma fyrir nýrri borgarbyggð. Einnig þau sjónarmið samgönguyfirvalda að ekki verði hróflað við þeirri flugstarfsemi sem þar fer fram fyrir en að henni hafi verið fundinn annar staður og þá nær höfuðborgarsvæðinu en Keflavíkflugvöllur. Fyrirhuguð byggð í Skerjafirði tengdist þessu þar sem þau sjónarmið komu fram að hún gæti truflað flugöryggi.

Saga fyrirhugaðra breytinga á notkun Reykjavíkflugvallar og flugumferð á sér nokkurn aðdraganda. Málið hefur verið til umræðu á milli borgar og ríkis í einhverju ferli í áratug. Þann 1. mars 2013 undirrituðu þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra og borgarstjóri samkomulag um sölu lands í eigu ríkisins til Reykjavíkurborgar. Þetta var á þeim tíma þegar unnið var að skipulagningu byggingarreitar vestan Óskjuhlíðar, á svonefndu Valssvæði. Af þeim sökum þurfti að leggja eina af þremur brautum flugvallarins af. Suðvestur brautina svokölluðu, braut 06/24. Landsölmálið fór fyrir dómstóla þar sem ríkið tregðaðist við að standa við samkomulagið. Í dómi Hæstaréttar var sala á landinu dæmd lögleg og umræddri flugbraut var lokað án þess að merkjanlegan skaða hlytist af.

Flugvallarskilyrði í Hvassahrauni

Næsta skref í málefnum Reykjavíkflugvallar var stofnun stýrihóps ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group sem hafði það markmið að kanna og meta nokkra staði fyrir nýjan innanlandsflugvöll á höfuðborgarsvæðinu. Fékk stýrihópurinn heitið Rögnunefndin eftir formanni hans Rögnu Árnadóttur fyrrum dómsmálaráðherra og núverandi skrifstofustjóra Alþingis. Stýrihópurinn vann eftir þeim tilmælum að flugstarfsemi myndi hverfa úr Vatnsmýrinni. Niðurstaða hópsins var að hagkvæmast myndi vera að byggja nýjan flugvöll í Hvassahrauni sunnan Hafnarfjarðar. Nefndin lagði til að flug-



Reykjavíkflugvöllur.

vallarskilyrði í Hvassahrauni yrðu fullkönnuð með nauðsynlegum rannsóknum og að samhliða verði náð samkomulagi um að rekstraröryggi Reykjavíkflugvallar í Vatnsmýri verði tryggt á meðan að nauðsynlegur undirbúningur og, eftir atvikum, framkvæmdir við nýjan flugvöll færu fram. Síðan hefur lítið gerst. Hugsanlega að einhverju leyti vegna Covid faraldursins þegar flugsamgöngur nánast lögðust af um tíma. Nú hafa borist fréttir af því að tilraunir með aðflug að Hvassahrauni séu hafnar.

Eldgos gæti breytt myndinni

Þótt rætt hafi verið um innanlandsflugvöll í upphafi sem leyst gæti Reykjavíkflugvöll af hólmi liggja engar ákvarðanir fyrir um hvort um stærri framkvæmd gæti orðið að ræða. Hugsanlega annan millilandaflugvöll sem létt gæti álagi af Keflavíkflugvelli. Frá þeim tíma að Rögnunefndin starfaði hefur Reykjanesskaginn vaknað eftir 800 ára þögn. Eldgosið norðvestan Grindavíkur á liðnu ári er flestum í fersku minni. Núna streymir kvika upp af miklu dýpi undir Reykjanesi og safnist fyrir í láréttum laggangi. Páll Einarsson jarðfræðingur telur ljóst að kvikuhreyfingar séu ekki hættar og þess vegna verði að búast við að kvika geti aftur leitað upp á yfirborðið. Eldgos geti aftur brotist út. Páll segir myndina þó ekki endilega sýna líklegastan gosstað. Mestar goslíkur séu í sprungusveiminum sem liggur út

frá þessu svæði, til norðausturs eða til suðvesturs. Þetta vekur upp spurningar um tvo flugvelli - jafnvel tvö millilandaflugvelli á Reykjanesi. Eldvirkni gæti breytt myndinni.

Áratugur eða áratugir í nýjan flugvöll

Fyrirhuguð byggð í Skerjafirði hefur valdið skoðanaskiptum varðandi Reykjavíkflugvöll. Innanríkisráðuneytið og Isavia hafa lagt áherslu á að hugsanlega þurfi að fresta Skerjafjarðarbyggðinni sem kunnir að raska flugöryggi Reykjavíkflugvallar. Innviðaráðuneytið tilkynnti í bréfi til borgarstjóra í síðasta mánuði að hverskyns aðgerðir af hálfu borgarinnar, sem skerði rekstraröryggi vallarins, séu í andstöðu við tveggja ára gamalt flugvallarsamkomulag vegna Hvassahrauns. Talsmenn fyrri borgarstjórnarmeirihluta hafa lagt mikla áherslu á að hefja uppbyggingu Nýja Skerjafjarðar sem allra fyrst og hafna því að byggingar þar skerði rekstraröryggi Reykjavíkflugvallar. Reykjavíkurborg svarað ráðuneytinu og þar var fullyrt að hvorki flugöryggi né rekstraröryggi vallarins eigi að vera stefnt í hættu. Ótvírátt sé að uppbygging nýja Skerjafjarðar gangi ekki í berhög við samkomulagið. Ekki er útséð um hvernig þessu máli lyktar en ljóst er að í það minnsta áratugur eða eða jafnvel áratugir eru í að nýr flugvöllur líti dagsins ljós. Á meðan er nokkuð ljóst að flogið verður úr Vatnsmýrinni.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Verkstæðið í Grófinni slær í gegn

Á meðal nýjunga sem Borgarbókasafnið í Grófinni býður upp á er Verkstæðið, þar sem fólki á öllum aldri býðst að koma og fikta, æfa sig og vinna með hin ýmsu forrit. Á meðal þeirra eru myndvinnsluforrit, tólistarforrit og klippiforrit þar sem hægt er að klippa myndbönd. Engrar kunnáttu er krafist enda er þetta einkum hugsað sem aðstaða til þess að prófa sig áfram og læra af sjálfum sér. Auk þess býður safnið upp á fullbúið stúdíó þar sem komið hefur verið fyrir hljóðnemum og fullkomnum upptöku- og útsendingarbúnaði fyrir hlaðvarpsupptök. Fólki getur komið og notað þennan búnað sér að kostnaðarlausu til þess að senda út eigin hlaðvörp. Vesturbæjarblaðið leit á herlegheitin og ræddi við Valgeir Gestsson sem annast þessa áhuga-verðu þjónustu í Grófinni.



Valgeir Gestsson.

„Hér í Grófinni erum við nýlega búin að opna það sem við köllum Verkstæði. Þetta er aðstaða fyrir fólki til að koma og vinna í öllum helstu skapandi forritunum í góðum iMac tölvum. Við leggjum sérstaka áherslu á tólistarforrit og einnig myndvinnsluforrit. Við erum til dæmis með allan Adobe pakkann sem inniheldur forrit á borð við Photoshop og Illustrator og einnig klippiforritið Premiere til að klippa lifandi myndefni, myndbönd

og kvikmyndir. Ég klippi sjálfur mikið þarna og nota þá forrit sem heitir Final Cut Pro. Í tónlistinni erum við með öll vinsælustu forritin.“ Valgeir segir það vera eitt af hlutverkum bókasafnsins að veita fólki aðgang að þessu. „Í gegnum aldirnar hefur hlutverk bókasafna verið að varðveita þekkingu og veita fólki aðgang að henni. Þetta er framlenging á því hlutverki og nú erum við að gera

finustu og bestu tækin og tólin, sem notuð eru í nútímanum, aðgengileg almennings.“

Auk Verkstæðisins er í Grófinni hlaðvarpsstúdíó sem kallast Kompan, en þar gefst fólki kostur að vinna eigin hlaðvörp og senda út á öldum ljósvakans. Valgeir segir þetta vera gríðarlega vinsælt. „Það hafa ekki allir kost á að koma sér upp tækjum til

þess að vinna hlaðvörp í góðum gæðum. Fólki kemur því hingað og það kostar ekkert annað en að hafa bókasafnsskrteini.“

Notendur Verkstæðisins koma úr öllum áttum, en Valgeir segir frá því að í vetur hafi frábær hópur úr Tjarnaskóla nýtt sér aðstöðuna við kennslu. „Við fáum nýja notendur í hverri viku og gaman að fylgjast með því hvað fólki er að bralla. Það er eins og við mannið mælt að þau sem koma og prófa einu sinni, þau koma aftur og aftur.“ Valgeir segir mjög auðvelt að bóka tíma fyrir einstaklinga á heimasíðu Borgarbókasafnsins borgarbokasafn.is. „Þar smellir fólki bara á Verkstæðin og bókar þann tíma sem því hentar.“

Að sögn Valgeirs er orðið algennt núorðið að fólki noti snjallsíma og taki upp vídeóefni og það geti því mætt með myndefni á Verkstæðið, klippt það saman og unnið eitthvað sniðugt úr því. „Til dæmis er fólki með lítil fyrirtæki sem þarf að gera auglýsingamyndir eða annað kynningarefni fyrir að koma til okkar. Hefur kannski ekki tækni á að leggja í mikinn kostnað en þarf að láta á sér bera á markaðinum og velur þá þessa auðfengnu leið. Stundum koma nokkur saman sem eru að vinna að tónlist og henda í eitt og eitt lag. Einnig er Verkstæðið tilvalið fyrir fólki sem hefur einhvern tíma lært að nota myndvinnsluforrit

en ekki notað þau lengi að koma til að rifja upp. Þá er alltaf hætt við að fólki ryðgi ef það notar ekki þekkinguna og þarna er leið til að halda sér við.“

Valgeir segir alla velkomna burtséð frá aldri, menntun og stöðu. Eldra fólki þurfi ekki að veigra sér við að koma þótt það kunnir ef vil vill ekki mikið í þessum fræðum. Alltaf megi byrja þótt fyrstu skrefin verði ef til vill bara að fikta sig áfram. Til þess sé verið að þessu. Að gefa öllum tækifæri til að kynna þessum möguleikum. „Við erum með Fiktdaga alla miðvikudaga á milli 15-18. Þetta eru opnir aðstoðartímar þar sem starfsfólk bókasafnsins er áhugasömum innan handar við allt milli himins og jarðar, en hvorki þarf að eiga bókasafnskort né skrá sig, það er bara nóg að mæta. Við erum líka með grænskjá (green screen) og ótrúlega margt myndið hægt að gera með þá tækni. Við vonumst bara til að sjá sem flest á Verkstæðinu í sumar, það er svo gaman að öðlast nýja þekkingu og vera skapandi,“ segir Valgeir og hlær.

Hann hvetur fólki til að kynna sér önnur Verkstæði Borgarbókasafnsins; hljóðverið í Úlfarsárdal, saumavélarnar í Árbæ og spennandi tæknitengd tól í Gerðubergi.



Á verkstæðinu í Grófinni

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR

Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Arna

ís- og kaffibar

Opíð virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi

Miðstöð úkraínskra flóttamanna á Aflagranda



Valgeir Magnússon betur þekktur sem Valli sport og Sveinn Rúnar Sigurðsson læknir ásamt Anastasiu sem kom hingað til lands frá Úkraínu fyrir nokkrum dögum.

Miðstöð fyrir úkraínska flóttamenn hefur verið opnuð á Aflagranda. Húsnæðið sem starfsemin var áður við Guðrúnartún var sprungið utan af starfseminni. Um 300 manns komu saman í nýja húsnæðinu fyrsta kvöldið sem þar var opið.

Miðstöðin er rekin af samtökunum Flóttafólk en hún var áður staðsett í auglýsingastofunnar Pipar í Guðrúnartúni. Þegar pláss þraut þar var hún færð á Aflagranda. Í húsnæðinu við Guðrúnartún voru allt að 200 manns að koma saman á kvöldin. Því var kærkomið að komast í stærra húsnæði. Í miðstöðinni verður boðið upp á lækniþjónustu, hannyrðir og aðra afþreyingu en fyrsta kvöldið var leiklist og tónlist í fyrirrúmi. Sveinn Rúnar Sigurðsson, læknir er forsvarsmáður flóttafólks.

Vínbúðin áfram

í Austurstræti



Vínbúðin í Austurstræti.

Útlit er fyrir að Vínbúð ÁTVR verði áfram rekin í Austurstræti, en engin ákvörðun hefur verið tekin um að loka henni eins og til stóð á tímabili. Þrýstingur skapaðist á að loka ekki vínbúð í Miðborginni og flytja hana nánast í úthverfi.

Áform voru um að flytja vínbúðina á Grandann í Örfirisey í húsnæði þar sem Íslandsbanki var áður en samningar hafa ekki náðst við Reiti eiganda húsnæðisins um leigusamning. Húsnæði Reita á Grandanum var það eina sem uppfyllti skilyrði um staðsetningu af þeim fjórum kostum sem boðnir voru fram eftir að ÁTVR auglýsti eftir leiguhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík á liðnu hausti. Þótt staðsetning Vínbúðarinnar í Austurstræti eigi sér marga fylgjendur sem meðal annars telja óraunhæft að ætlast til að allir verði að fara í einkabíl sem ætla að versla þar hefur þessi staðsetning verið þynir í augum veitingamanna um árabíl enda selur hún áfengar veigar á langtum lægra verði en öldurhúsin í kring geta boðið upp á.

Hafnarstræti 1 til 3

Hús með merkilega sögu



Fálkahúsið Hafnarstræti 1 til 3.

Hafnarstræti 1 til 3 eða Fálkahúsið á sér merkilega sögu. Það var upphaflega byggt á Bessastöðum árið 1750. Tólf árum síðar var það tekið niður, flutt til Reykjavíkur og endursmíðað. Fálkahúsið á sér rætur í sögu um fálkaveiðar og útflutning á lifandi fuglum en lengi var ein af skyldum Íslendinga að sjá konungi fyrir veiðifálkum. Fjöldi fálka var veiddur ár hvert og voru þeir fluttir til geymslu í sérstökum fálkahúsum á Bessastöðum og á Valhúsaheð á Seltjarnarnesi á meðan fálkaskips var beðið.

Skömmu eftir að húsið hafði verið reist í Reykjavík voru fálkaveiðar lagðar af og útflutningi hætt. Þá varð húsið vörugeymslúhús og síðar verslunarhús. Fálkahúsið var friðað af menntamálaráðherra 19. apríl 1991 og tekur friðunin til ytra borðs. Reykjavíkurborg hefur samþykkt að breyta megi austurenda þess í veitingastað en veitingastaðir eru nú í vestari hlutum þess. Eftir að fálkaveiðar lögðust af hér á landi og þar með útflutningur fuglanna var húsið innréttat til

verslunarreksturs. Um 1850 eignaðist N. Chr. Havsteen Fálkahúsið og rak þar verslun sem var við hann kennd. Árið 1868 lét hann rífa það og reisa nýtt og afar vandað hús nokkru norðar, sem enn stendur, og eru m.a. útskornir fálkar á báðum burstum til að minnast gamla fálkahússins. Útskurðurinn, sem þrýðir húsið, mun vera verk Stefáns Eiríkssonar myndskera að því fram kemur í ritum Páls Línal. Árið 1878 eignaðist J.P.T. Bryde etatsráð húsið. Brydesverslun var með mestu verslunum bæjarins um aldamótin 1900. Árið 1914 varð húsið eign elstu heildverslunar Íslands, Ó. Johnson&Kaaber, og hafði fyrirtækið þar skrifstofur sínar um langa hríð. Nýir eigendur tóku við húsinu 1997 og létu gera miklar endurbætur á því, bæði innanhúss og utan. Var þá skipt um nánast allt tréverk. Árið 2014 voru fálkarnir á burstunum lagfærðir og sömuleiðis víkingaskipið fyrir miðju húsi. Margar verslanir hafa verið reknar í húsinu og má þar nefna búsáhalda-verslunina Hamborg og Heimilisíðnaðarfélag Íslands.

Anna Sigríður ráðin skólastjóri Grandaskóla

Anna Sigríður Guðnadóttir hefur verið ráðin skólastjóri Grandaskóla. Anna Sigríður er með meistaragráðu í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst og B.Ed. gráðu af grunnskólakennarabrot frá Kennaraháskóla Íslands.

Hennar kjörsvið er svið yngri barna. Einnig hefur hún lokið listdansaranámi frá Listdansskóla Íslands. Anna Sigríður hefur starfað sem umsjónarkennari, listgreinakennari og forfallakennari við grunnskóla en auk þess sem kennari og deildarstjóri grunnskóladeildar Listdansskólans.

Anna Sigríður starfaði sem aðstoðarskólastjóri í Grandaskóla í tvö ár og hefur starfað farsælllega sem skólastjóri þar í afleysingu undanfarið eitt og hálf ár.



FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið 11-16
alla virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Sex borgarhátíðir

Menningar-, íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkur hefur samþykkt tillögu sérstaks faghóps um að sex hátíðir verði borgarhátíðir Reykjavíkur á árunum 2023 til 2025. Hátíðirnar hljóta samstarfssamning við Reykjavíkurborg og styrk næstu þrjú árin en þær eru: Hinsegin dagar - Reykjavík Pride, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, RIFF - Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, Óperudagar og Reykjavík Dance Festival.

Hinsegin dagar - Reykjavík Pride, Hönnunarmars og Iceland Airwaves hljóta 10 milljónir króna hver á ári og RIFF - Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Reykjavík Dance Festival hljóta 7,5 milljónir hvor á ári. Reykjavík Dance Festival hefur verið borgarhátíð frá árinu 2020 en hinar hafa verið borgarhátíðir frá árinu 2017. Óperudagar hljóta nú fimm milljónir á ári. ER það í fyrst skipti sem þeir njóta styrks sem borgarhátíð. Í umsögn um Óperudaga segir meðal annars að Óperudagar séu hátíð allra greina klassískrar sönglistar og að hátíðin hafi, þrátt fyrir að vera ung að árum, þrisvar sinnum hlotið tilnefningu sem Tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlauninum og unnið verðlaunin einu sinni.



Frá Óperudögum árið 2016.

Kaflaskipti í Brynju



Gömul mynd af Laugaveginum Ekki er vitað hvenær hún var tekin en gæti hafa verið um svipað leyti og Björn faðir Brynjólfs eignaðist hana eða snemma á sjötta áratugnum.

Kaflaskipti eru að verða í einni elstu verslun í Reykjavík. Er það verslunin Brynja við Laugaveg því bæði Brynjuhúsið og verslunarhúsið og verslunin eru komin á sölu. Brynja var stofnuð árið 1919 en hefur verið á sama stað síðan 1930. Verslunin hefur strangt tekið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi.

Árið 1953 komst verslunin í eigu Björns föður Brynjólfs núverandi eiganda Brynjólfs H. Björnssonar. Brynjólfur hefur lengi staðið vaktina í Brynju. Hann var farinn að sinna viðvikum á unglingsaldri og var kominn í fullt starf með föður sínum um 1960. Hann telur að farið hafi vel um verslunina við Laugaveginum.

Mikið af smáverkstæðum hafi verið í nágrenninu; á Vatnsstígnum, Klapparstígnum, Njálsgötunni og Grettisgötu. Þetta hafi verið mjög gott mannlíf, bæði verkstæði og búð. Svo hafi tíminn liðið. Þetta hafi framlengdist og hann hafi ekki viljað fara úr miðbænum. Brynja hefur lifað ýmislegt af. Byggingu stórmarkaða með byggingvörur en einnig kreppu, heimsstyrjaldir, óðaverðbólgu, efnahagshrun og heimsfaraldur. Ýmsir hafa tekið ástfóstri við Brynju og má minnast orða eins miðbæings sem lifað hefur og starfað alla sína tíð í næsta nágrenni að ef hann fengi ekki hlutina í Brynju þá vanhagaði hann ekki um þá.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirkt greiðslu- og innheimtukerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is



Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

VERKSTÆÐI BORGARBÓKASAFNSINS




MYNDVINNSLA



VÍNYSKERI



SMÍÐJUR



HLJÓÐVER



HLAÐVARPSSTÚDÍÓ



ÞRÍVÍDDARPRENTUN



BARMERKJAVÉL



SAUMAVÉLAR



TÓNLIST OG HLJÓÐVINNSLA

Kynnið ykkur Fiktdaga Opnir aðstoðartímar á Verkstæðunum

Ókeypiss - öll velkomin!



borgarbokasafn.is/verkstaedin

Bæði verkefnin unnu til verðlauna



Fríða Lovísa Daðadóttir og Ólöf Stefanía Hallbjörnsdóttir í 7. bekk Landakotsskóla með Ásmundi Einari Daðasyni barnamálaráðherra og Sófusi Árna Hafsteinssyni þjónustustjóra ELKO.

Tvö verkefni frá Landakotsskóla tóku þátt í nýsköpunarkeppni grunnskólanna sem fór fram dagana 19. til 21. maí í Háskólanum í Reykjavík. Bæði verkefnin unnu til verðlauna.

Úlfhildur Inga O. Gautsdóttir í 7. bekk Landakotsskóla, hlaut Hringrásarbikar NKG með hugmynd sinni EfnisBangsi. Kennari hennar er Sinead McCarron. Fríða Lovísa Daðadóttir og Ólöf Stefanía Hallbjörnsdóttir í 7. bekk Landakotsskóla, hlutu Samfélagsbikar NKG, með hugmynd sína Skemmtilegar Biðstofur. Kennari þeirra er einnig Sinead McCarron.



Úlfhildur Inga O. Gautsdóttir í 7. bekk Landakotsskóla með Ásmundi Einari Daðasyni barnamálaráðherra og Sófusi Árna Hafsteinssyni þjónustustjóra ELKO.



Netverslun:
systrasamlagid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skiptulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Ósvikin gleði í Regnbogahlaupi Tjarnarinnar



Gleði barnanna sem hlupu í regnbogahlaupi frístundaheimila Tjarnarinnar miðvikudaginn 25. maí s.l. var ósvikin en það hlupu þau til þess annars vegar að fagna því að nú hafa öll frístundaheimilin okkar lokið vottunarferli hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og teljast því regnbogavottuð frístundaheimili og hins vegar til að fagna öllu litrófi mannlægs fjölbreytileika og sýna að það er rými fyrir öll í starfinu okkar.

Hlaupið hófst við leikskólann Sæborg en hlaupið var eftir göngustígnum við Ægissíðu að Faxaskjóli, en þegar börnin voru öll komin í rásmark voru þau verðlaunuð með ís og skemmtiatriðum. Á meðan á hlaupinu sjálfu stóð köstuðu starfsmenn marglitu litadufti yfir börnin svo þau voru öll marglit að hlaupi loknu sem er táknræn athöfn til að sýna stuðning okkar við fjölbreytileikann. Síðan tóku BMX brós og listamennirnir Huginn og Haki við keflinu og skemmtu krökkunum með listum sínum áður en allir héldu aftur heim í hérað helsáttir við frábærlega vel heppnaðan dag enda ekki leiðinlegt að fagna fjölbreytileikanum með þessum hætti. Er óhætt að fullyrða að öll séum við sammála um að þetta verði framvegis árlegur viðburður þannig að við erum strax farin að hlakka til næsta regnbogahlaups.

Eins og sjá má af þessum myndum ríkti mikil gleði í regnbogahlaupinu.



Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Nýr meirihluti í borgarstjórn

Nýr meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur var kynntur á annan í hvítasunnu 6. júní sl. Meirihlutinn stendur saman af borgarfulltrúum Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar. Framsóknarflokkurinn er nýr aðili að þessu samstarfi en Vinstri græn eiga ekki aðild að því. Þótt nokkrir flokkar er stóðu að síðasta meiri hluti eigi aðild að þeim nýja er alls ekki um endurnýjðan meirihluta að ræða. Dagur B. Eggertsson verður áfram borgarstjóri fyrstu 18 mánuði kjörtímabilsins en þá mun Einar Þorsteinsson taka við. Einar verður formaður borgarráðs til þess tíma en þá er gert ráð fyrir að Dagur taki við af honum. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verður forseti borgarstjórnar.



Oddvitar meirihlutaflökkanna þegar samningur þeirra var kynntur við Rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal.

Myndun meirihlutans átti sér fremur skamman aðdraganda. Fáir kostir aðrir til samstarfs virtust vera í boði. Einar Þorsteinsson nýliðinn í hópnum hefur látið hafa eftir sér að Framsókn hafi verið tilbúin til viðræðna við alla en þetta samstarf milli Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Framsóknar hafi verið það eina sem var í boði. „Við tókum það bara alvarlega að mynda meirihluta og fara ekki í einhverja störukeppni sem enginn veit hvert leiðir og eyðir bara tíma. Verkefnið er að mynda meirihluta og byrja að ná árangri,“ sagði Einar í fréttaviðtali.

Áhersla á húsnæðismál

Hinn nýi meirihluti leggur mikla herslu á húsnæðismál enda ljóst að þar kreppir skóinn að. Mikil hefur verið unnið að þéttingu byggðar að undanförmu en nú á að leggja áherslu á aðra borgarluta. Á meðal þeirra verkefna sem eru fyrst á dagskrá nýs meirihluta er húsnæðisátak og úthlutun lóða í Úlfarsárdal, á Kjalarnesi, á Hlíðarenda, í Gufunesi og á Ártúnshöfða. Þá á að efna til samkeppni um skipulag Keldnaland og Keldnaholts og flýta þannig uppbyggingu svæðanna með tilkomu borgarlínu.

Lóðaúthlutun í Vatnsmýri

Málefni Reykjavíkurflugvallar bar á góma við undirbúning málefnaþings meirihlutaflökkanna enda með mismunandi áherslur í málinu. Byggt verður á samkomulagi við innviðaráðherra frá árinu 2019. Ákveðið er að virða það og einnig aðra samninga um flugvöllinn. Stefnt er að því að byggja íbúðahverfi í Skerjafirði en einnig að vinna með Isavia að hugsanlegum mótvægisáðgerðum þegar áhættumati verður lokið. Gert er ráð fyrir með því verði unnt að úthluta lóðum í Vatnsmýrinni á þessu kjörtímabili.

Formenn nefnda

Sem fyrr segir er Einar Þorsteinsson formaður borgarráðs, Dóra Björt Guðjónsdóttir er formaður umhverfis- og skipulagsráðs. Skúli Helgason er formaður menninga- íþrótt- og tómstundaráðs, Árelía Eyðís Guðmundsdóttir er formaður skóla- og frístundaráðs og Heiða Björg Hilmisdóttir er formaður velferðaráðs.

Brautarholt 18 til 20 gerbreytt



Brautarholt 18 til 20 eins og húsið mun líta út þegar fullnaðarfrágangi verður lokið.

Brautarholt 18 til 20 er gerbreytt. Margir muna eftir því sem skemmtistaðnum Þórskaffi. Síðar var Baðhús Lindu P. þar til húsa en nokkur undanfarin ár hefur húsið verið í mikilli niðurníðslu. Nú hefur húsinu verið breytt í íbúðarhús. Byggingafélagið Upprisa hefur farið með endurgerð hússins.

Alls eru 64 íbúðir í Brautarholti 18 til 20. Þær fóru í sölu í apríl og munu flestar ef ekki allar þegar seldar. Áætlað er að afhending þeirra geti farið fram í haust. Gert er ráð fyrir að Upprisa muni einnig endurbyggja Brautarholt 16 og þar verði 20 íbúðir auk þjónustu á jarðhæð.

GLEÐILEGAR SUMARSÓLSTÖÐUR

Ertu á leið í jógakennararnám?

Fáðu 15% afslátt af pakkanum sem við mælum með. Jógaðýna, kubbar, strappi og bolti eru magnaðir ferðafélagar.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Íslenska fata- hönnunarkerkið AS WE GROW flytur á Klapparstíg

AS WE GROW hefur flutt í glæsilega verslun á Klapparstíg 29 þar sem Rakarastofan Klapparstíg var áður til húsa. Hugmyndafræðin gengur út á að hanna og framleiða fallegar, klassískar og vandaðar flíkur sem endast og geta gengið á milli barna og kynslóða.

AS WE GROW er eina íslenska fatahönnunarkerkið sem hefur hlotið Hönnunarverðlaun Íslands, meðal annars fyrir að byggja á ábyrgum umhverfissjónarmiðum og berjast gegn fatasóun, en flíkur eru úr hágæða náttúrulegum hráefnum sem endast vel. AS WE GROW framleiðir í dag fatnað fyrir alla fjölskylduna.



Netverslun:
systrasamlagid.is

ERUM KOMIN
Í VESTURBÆINN
J.L.HÚSIÐ



2 FYRIR 1
ALLA
ÞRIÐJUDAGA



Landsbankinn flytur um áramótin

Vonast er til að unnt verði að hefja starfsemi í nýjum höfuðstöðvum Landsbankans við Austurbakka í Reykjavík í lok árs. Húsið leysir af hólmi tólf byggingar í Kvosinni sem og hluta starfseminnar í Borgartúni.

Nýbygging fyrir höfuðstöðvar Landsbankans við hlið Hörpu er langt komin. Um sextán þúsund og fimm hundruð fermetra húsnæði er að ræða. Eitt af því sem vakið hefur athygli við bygginguna er stuðlabergið sem húsið verður klætt með. Hundruð tonna af stuðlabergi fara utan á húsið.

Mesta breyting fyrir starfsemi bankans verður að flytjast úr 12 húsum á sama stað sem mun kom til með að auka samvinnuna og sýnileik á meðal starfsfólks. Vinnurými mun minnka úr um átján þúsund fermetrum vinnurými í um tíu þúsund. Landsbankinn



Tölvumynd að fyrirhuguðum nýjum höfuðstöðvum Landsbankans.

hyggst selja eða leigja út sex þúsund og fimm hundruð fermetra. Stjórnarráðið hefur sýnt áhuga á að nýta hluta hins nýja húsnæðis. Viðræður hafa staðið yfir en ekki

er komin niðurstaða í hvort um leigu eða sölu verður að ræða. Upphaflega átti byggingum að kosta níu milljarða en nú er kostnaðinn metinn á tólf milljarða.

Nú flugstöð við Reykjavíkurflugvöll



Teikning af hugsanlegri flugstöð.

Hugsanlega verður tekin ákvörðun um um nýja flugstöð við Reykjavíkurflugvöll á næstunni. Reykjavíkurborg veitti framkvæmdaleyfi fyrir nýrri flugstöð 27. ágúst 2019. Fátt virðist því til fyrirstöðu að ráðast í byggingu nýrrar flugstöðvar innanlandsflugs á Reykjavíkurflugvelli verði ákvörðun tekin um slíkt.

Á undanföllum árum hafa í nokkur skipti verið uppi áform um nýrri og betri flugstöð fyrir innanlandsflugið

en þau hafa ekki orðið að veruleika. Í samkomulagi ríkis og borgar frá 19. apríl 2013 er gert ráð fyrir því að endurbætt flugstöð tryggi samkeppni í flugstarfsemi og möguleika á að þjónusta við fleiri en eitt flugfélag og að hún hýsi framvegis allt áætlunarflug. Málið er í vinnslu í samvinnu innviðaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og er þess vænst að niðurstaða fái í það á næstunni.

Marta María tekur við Hússtjórnarskólanum í Reykjavík

Marta María Arnarsdóttir tekur við sem skólameistari Hússtjórnarskólans í Reykjavík um mánaðamótin af Margréti Sigfúsdóttur sem hefur sinnt starfinu í 24 ár.

Marta María hefur að undanfögnu gegnt starfi verkefnastjóra hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en hún stýrði COVID-sýnatökum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á Suðurlandsbraut 34 í heimsfaraldrinum. Marta María hefur einnig stundað nám í íslensku og kennslufræði við Háskóla Íslands og var sjálf nemandi í Hússtjórnarskólanum vorið 2015 og þekkir því skólann vel af eigin raun. Marta María segir að starfið hafi lengi heillað sig og hafi hana dreymt um það. Hún segir að í Hússtjórnarskólanum hafi hún notið sín í náminu og hafi nýtt mér þá hæfni sem hún hafi öðlaðist í skólanum. Marta María er einnig menntuð í íslensku og auk þess að hafa verið verkefnisstjóri hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur hún verið umsjónarkennari í Hvassa-leitisskóla í fimm ár, stundakennari og aðstoðarkennari við HÍ og sinnt ýmsum öðrum fræðslustörfum. Marta María er 25 ára gömul og því er 49 ára aldursmunur á henni og fráfarandi skólustjóra sem nú lætur af störfum.



Marta María Arnarsdóttir og Margrét Sigfúsdóttir.

Golfmót KR 2022 er hafið



Þessi glæsilegi hópur KR-inga og tveggja laumu KR-inga spilaði 18 holar í Öndverðarnesi. Hringurinn var að sjálfsgöðu hluti af golfmóti KR, mótsgjaldið greitt og skorkortin send eins og á að gera.

Gert er ráð fyrir að flestir spili fleiri hringi í mótinu, en eins og KR-ingar vita má spila eins oft og fólk vill gegn greiðslu þátttökugjaldsins. Spila má á hvaða velli sem er.

Til að taka þátt þarf bara að borga mótsgjaldið spila níu eða átján holar með öðrum þátttakanda á mótinu sem jafnframt er ritari á þínu skorkorti. Skráir á skorkortið á golf.is og þegar ritari hefur staðfesta það, sendir þú það í tölvupósti á gudjon@kr.is. Einnig má skila kortinu í merktum poka á Nesvellinum.



Christopher Harrington.

Christopher og Arnar Páll ráðnir þjálfarar meistaraflokk kvenna

Christopher Harrington hefur verið ráðinn til KR sem þjálfari meistaraflokks kvenna í knattspyrnu, ásamt Arnari Páli Garðarssyni sem stýrt hefur liðinu undanfarna leiki.

Christopher hafði áður verið ráðinn til starfa hjá KR en fór fyrir tímabilið til starfa á Norðurlöndum.

Í síðustu tveimur leikjum KR hafa náðst góð úrslit, fyrst 3:3 jafntefli á móti Þór/KA og síðast 1:3 sigur á Keflavík. KR er í níunda sæti Bestu deilar kvenna með sjö stig eftir tíu leiki.

Aldís og Gestur fengu brons í Gautaborg

Borðtennisfólkið úr KR þau Aldís Rún Lárusdóttir og Gestur Gunnarsson náðu bæði í bronsverðlaun á Klubbresornas Klubbresa 2022 mótinu í Gautaborg.

Þau léku á mótinu um hvítasunnuhelgina ásamt fjórum öðrum leikmönnum úr landsliðshópnum og kepptu hvort um sig í mörgum styrkleikaflokkum.

Gestur varð í 3.-4. sæti í Max 1899 flokknum og varð í 5.-8. sæti í flokki Max 1999.

Aldís varð í 3.-4. sæti í flokki Max 1249 eftir tap gegn sigurvegaram í undanúrslitum. Þá varð hún í 5.-8. sæti í kvennaflokki (Flickor Dam).



Hulda og Þorvaldur verðlaunuð á lokahófi KKÍ

Þorvaldur Orri Árnason leikmaður meistaraflokks karla í KR í körfubolta og Hulda Ósk Bergsteinsdóttir leikmaður meistaraflokks kvenna í KR í körfubolta voru verðlaunuð á lokahófi Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) sem fór fram í Laugardalnum 20. maí.

Þorvaldur Orri var valinn besti ungi leikmaðurinn í Subway deild karla og Hulda Ósk var valinn í lið ársins í 1. deild kvenna. Frábær árangur hjá þeim.



www.kr.is



FYRIRTAÐ
málningarþjónusta



www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Ávaxtakarfan



Eva Ruza




Afmælishátíð í BYKO Granda laugardag, 25. júní kl. 13-15

SAMANÍ 600 ÁR

Lína Langsokkur



Emmsjé Gauti



Fáðu gefins fuglahús til að smíða. Kandífloss, bollakökur og pylsur

SIRKUS ÍSLANDS

BYKO